

Reykjavík, 26. apríl 2018

Stýrihópur um mótun stefnu um hjólabretti í Reykjavík – Tilv. nr. R17090046

Með erindisbréfi dags. 9. nóvember 2017 skipaði borgarstjóri starfshóp til að gera tillögu að stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík.

Í stýrihópnum voru:

Þórgnýr Thoroddsen, fulltrúi Pírata í íþrótt- og tómstundaráði, formaður.

Áslaug Friðriksdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Margrét Norðdahl, fulltrúi Samfylkingar.

Starfsfólk:

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu hjá ÍTR.

Atli Steinn Árnason, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Edda Ívarsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Sigurður Guðmundsson, fulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Hópurinn hittist fyrst þann 24. nóvember s.l. og hefur alls fundað í tíu skipti.

Á fundina hafa verið boðaðir ýmsir aðilar í þeim tilgangi að fá góða sýn yfir sviðið, áherslur og verkefni. Gestir fundanna voru fulltrúar frá Brettafélagi Reykjavíkur, Jaðar íþróttafélagi og foreldrar, rætt var um hjólabretta- og hlaupahjólaíþróttina sem og farið yfir aðstöðu fyrir hjólasport. Hópurinn hefur jafnframt heimsótt aðstöðu Brettafélags Hafnarfjarðar að Flatahrauni 14, Hafnarfirði, skoðað aðstöðu Jaðars íþróttafélags að Dugguvogi 8 þar sem hópurinn kom að máli við iðkendur á staðnum. Þess má geta að Brettafélag Reykjavíkur sagði upp samningi um húsnæðið í Dugguvogi á vordögum 2017 og Jaðar íþróttafélag tók við rekstri aðstöðunnar í janúar 2018.

Hópurinn kynnti sér jafnframt innan- og utanhúss aðstöðu sem þykir til fyrirmyndar á Norðurlöndunum.

Stýrihópurinn ákvað strax að einblína ekki eingöngu á hjólabretti, heldur fjallaði jafnframt um aðrar tegundir jaðaríþróttar svo sem hlaupahjól, parkour og BMX hjól. Málefni þessara greina komu fljótt upp í umræðunni, meðal annars vegna þess að:

- Íþróttirnar eru iðkaðar á sömu svæðum innanhúss og utan.
- Flæði er á milli greina meðal iðkenda.

Iðkendahópur greinanna fer óðum vaxandi

- Ákveðinn hópur iðkenda í þessum greinum finnur sig ekki í því íþróttastarfi sem við þekkjum sem hefðbundið en nýtur sín vel á þessum vettvangi.

Áherslur í hönnun í borgarrýminu eins og fyrirhugaðar eru myndu nýtast iðkendum í öllum greinunum.

- Áherslur á þessar íþróttir saman má sjá í því sem vel er gert í Evrópu og víðar.

Staðan í dag á höfuðborgarsvæðinu

Ljóst er að inni- og útiaðstaða fyrir þessar íþróttagreinar eru langt frá því að vera ásættanlegar og ekki í samræmi við þær þarfir sem þurfa að vera til staðar til að jaðarsport vaxi og dafni líkt og víða erlendis.

Inniaðstaða

- Hjá Jaðar íþróttafélagi í Dugguvogi 8. 914 fermetrar.
- Hjá Brettafélagi Hafnarfjarðar í Flatahrauni. 698 fermetrar.
 - Á báðum stöðum fara fram skipulagðar æfingar sem og opin hús fyrir ólíkar greinar.

Pallar/rampar utanhúss

- Laugardalur
- Gufunesbær
- Jafnasel
- Færanlegt pump-track sem fer um borgina
- Ársel
- Mosfellsbær
 - Aðstaðan er misjöfn og í misjöfnu ásigkomulagi.

Vinsælir staðir í borgarrými

- Ingólfstorg
- Harpa

Framtíðarsýn

Inniaðstaða

Með hliðsjón af veðurfari á Íslandi er ljóst að góð inniaðstaða er alger forsenda fyrir uppgangi íþróttana og er afar mikilvæg fyrir iðkendur á öllum aldri. Því telur hópurinn nauðsynlegt að huga sem fyrst að byggingu nýs húss fyrir íþróttina og finna henni stað. Fram hefur komið í máli þeirra sem hópurinn ræddi við að þau telja mikilvægt að staðsetning inniaðstöðu sé miðsvæðis og liggi vel við almenningssamgöngum. Aðstaðan í Dugguvogi getur verið fín fyrst um sinn en þar er samningur um leigu út árið 2019, með möguleika á framlengingu til fimm ára.

Stýrihópurinn skoðaði teikningar sem gerðar voru á sínum tíma af húsnæði í Gufunesi, fyrir bretta-, hjóla- og klifuraðstöðu. Þær teikningar mætti nota til hliðsjónar en þyrfti að endurskoða. Með slíku húsnæði opnast möguleikar fyrir iðkendur jafnt hjólabretta, hlaupahjóla, BMX sem og snjóbretta fyrir æfingar sem hingað til hafa ekki verið mögulegar. Að mestu leyti væri um að ræða steypar gryfjur og palla. Stýrihópurinn telur að aðallega komi tveir möguleikar til greina varðandi svæði fyrir mögulega inniaðstöðu til framtíðar.

Í Gufunesi við Gufunesbæ

Kostir:

- Góð staðsetning þar sem jaðaríþróttir passa vel við hugmyndafræði svæðisins sem fjölnota útivistarsvæði.
- Byggingareitir eru til staðar á svæðinu samkvæmt deiliskipulagi.
- Eldri þarfagreining er til af inniaðstöðu sem þarf að endurskoða með tilliti til þarfa dagsins í dag.
- Styrkir borgarhlutann Grafarvog sem úthverfi og leggur götur að því að fleiri koma á útivistarsvæðið og þá fjölbreyttu aðstöðu sem svæðið við Gufunesbæ býður upp á.
- Hægt að byggja upp gott samstarf milli frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar og þeirrar jaðarsportstarfsemi sem fram fer á svæðinu og þá í samstarfi við félagasamtök sem tengjast þessum íþróttagreinum.
- Hægt að byggja bæði inniaðstöðu sem og útiaðstöðu á svæðinu.
- Nægt pláss til staðar og skipulag fyrir hendi.

Ókostir:

- Svæðið ekki miðsvæðis.
- Ekki góðar almenningssamgöngur eins og staðan er í dag.

Ellidaárdalur við Ártúnsbrekku

Kostir:

- Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og mjög góðar tengingar við almenningssamgöngur. Góð staðsetning aðstöðu kom fram sem mikilvægur punktur í máli iðkenda sem hópurinn ræddi við.
- Góð tenging við göngu- og hjólastíga.
- Hægt að byggja upp fjölnota frístundahús, meðal annars fyrir jaðarsport.
- Hægt að byggja upp mjög fjölbreytta aðstöðu jaðarsporta, bæði inni sem úti.
- Aðstaða fyrir Klifurfélag Reykjavíkur. Núverandi aðstaða þeirra er að springa utan af þeim.
- Hjólafélag Reykjavíkur sem er ekki með neina aðstöðu.
- Hægt að tengja saman starfsemina við skíðabrekku. Það mætti laga skíðabrekkur enn frekar með tilliti til byrjenda sem og til æfinga fyrir brettafólk.
- Meta hvort húsnæði sem er til staðar á svæðinu hentar en ef ekki þá þarf að byggja nýtt.
- Getur laðað almenning að svæðinu og ýtt enn frekar undir að Elliðaárdalur sé nýttur sem útivistarsvæði með þjónustu í Elliðaárdal.
- Hentar líka fólki sem sækir svæðið til útivistar.

Hér gæti verið tækifæri að sækjast eftir samstarfi við aðila úr atvinnulífinu / frumkvöðlastarfsemi / samfélagsverkefni sem gætu tekið þátt í þessari uppbyggingu. Setja mætti af stað hugmyndasamkeppni varðandi svæðið í heild sinni þar sem fjölnota frístundahús væri miðpunkturinn en síðan ákveðin útisvæði þarna eyrnamerkt jaðarsporti ásamt skíðabrekkunni.

Ókostir:

- Líklegt er að deiliskipulagsvinnan sé töluvert flóknari og verkefnið dýrara, en það gæti valdið því að uppbygging tæki lengri tíma

Útiaðstaða

Nauðsynlegt að koma upp aðstöðu í hverju hverfi fyrir sig.

Við hönnun á útisvæðum verði haft í huga að hanna svæði þannig að hægt sé að nýta þau fyrir bretta og hlaupahjólaiðkun sem og parkour.

Það sama eigi líka við um hönnun og endurgerð í borgarrýminu líkt og:

- Skólaleiksvæða
- Torga
- Svæði fyrir framan opinberar byggingar, s.s. stjórnsýsluhús og bókasöfn og sjúkrahús.
 - Afar mikilvægt er að notendur/iðkendur verði hafðir með í ráðum við kaup á pöllum og búnaði sem og við hönnun og endurgerð útisvæða.

Tillögur að aðgerðum

- Tryggja áframhaldandi inniaðstöðu í takt við aðstöðuna í Dugguvoginum þar til betri innanhúsaðstaða er komin inn í myndina. Aðstaðan í Dugguvoginum er viðunandi en er ekki vel til fallin að vera æfingaaðstaða fyrir iðkendur sem vilja ná mikilli færni í sportinu. Hún er enn fremur of lítil miðað við eftirspurn og áhuga.
- Almenningsamgöngur að Dugguvoginum eru ekki eins og best væri á kosið og gott væri að bæta úr þeim á meðan aðstaðan er til staðar þar. Tryggja þarf að aðgengi og öryggi barna frá næstu strætóstoppistöðum að húsinu sé gott en staðan er sú að bæta þarf verulega úr því á vissum köflum á leiðinni.
- Unnið verði að uppbyggingu útisvæða í öllum hverfum. Aðstaða í nærumhverfi er mikilvægur hlekkur í sjálfbærri ástundun og nýliðun barna og ungmenna í sportinu.
- Við kaup á búnaði og byggingu aðstöðu verði iðkendur og félagasamtök í greinunum fengnir að borðinu, en innkaup sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa löngum sætt gagnrýni iðkenda sem telja að búnaðurinn nýtist þeim ekki sem skyldi og sé því slæm nýting á fé sem varið er í uppbyggingu fyrir sportið.
- Að við hönnun á almannarýmum, svo sem torgum og öðrum sambærilegum svæðum verði gert ráð fyrir iðkendum þessarra greina. Með einföldum leiðum má gera svæðin áhugaverð fyrir hjólabretta-, hlaupahjól-, BMX- og Parkouriðkendur, til dæmis með hönnun á tröppum, köntum, veggjum og svo framvegis. Aðkoma iðkenda og félagasamtök í greinunum að þessari vinnu er nauðsynleg.
- Uppbygging inniaðstöðu í hæsta gæðaflokki sem að stuðlar að raunverulegum uppgangi í greinunum og býður iðkendum upp á að auka færni umfram það sem hægt er á Íslandi eins og staðan er. Hér væri sterkasti leikurinn að byggja almennilega inniaðstöðu.

Hjólabrettaiðkun, sem og tengdar greinar, svo sem hlaupahjól, parkour og BMX hjól eru íþróttir sem lengi hafa verið jaðarsettar á Íslandi sem og annarsstaðar. Íþróttirnar hafa verið á hrakhólum innan borgarinnar og mikilvægt er að ráða bót þar á. Íþróttirnar eru vaxandi og fer iðkendum sífellt fjölgandi.

Menningin í kringum þessar íþróttir hefur orðið uppspretta að ýmislegri listsköpun (tónlist, kvikmyndagerð, myndlist) sem auðgar mannlífið í borginni og brettin og tengd sport lífga við borgarrýmin. Iðkendahópurinn hefur sýnt mikla elju og dugnað í að byggja sér eigin aðstöðu og mikilvægt er að sú þekking sé nýtt þegar byggð er upp aðstaða fyrir iðkendur.

Brettamenningin er grasrótarmenning þar sem hæfni einstaklingsins er metin óháð aldri eða kyni en fáar einstaklingsíþróttir hafa jafn mikla getu á að sameina iðkendur á ólíkum stigum. Nauðsynlegt er

Því að byggja upp aðstöðu þar sem iðkendur geta hist og stundað íþróttina á skipulögðum æfingum en einnig á eigin forsendum.

F.h. stýrihóps um mótun stefnu um hjólabretti í Reykjavík.

Þórgnýr Thoroddsen, formaður.

<https://myskatespots.com/>



<http://skatemalmo.se/parks/sibbarp-skatepark/>



<https://www.visitcopenhagen.com/copenhagen/faelledparken-skatepark-gdk965114>
<http://copenhagenskatepark.dk/projekter/f%C3%A6lledparken/>



<https://www.skateboard.com.au/skateparks/denmark/cph-indoor-skatepark/>

